# Kennsluáætlun í samfélags -og náttúrugreinum

Hæfni í samfélags- og náttúrugreinum felst í þekkingu og leikni, en einnig viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis. Nám í náttúru- og samfélagsgreinum stuðlar að því að nemendur viti hvað þeir vita og hvað þeir geta og viti hvernig best er að beita vitneskju sinni, þekkingu og leikni til að hafa áhrif á umhverfi og samfélag og bæta það.

| Tími | Hæfniviðmið<br>Við lok 3. bekkjar getur nemandi | Námsþættir/viðfangsefni | leiðir | Kennslugögn | Námsmat |
|---|---|---|---|---|---|
| 18. jan.-<br>1.júní. | Geri sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni.<br><br>Aflað sér upplýsinga um náttúruna.<br><br>Bent á dæmi um lýðræðislega þætti í nærsamfélagi.<br><br>Lýst breytingum á náttúru Íslands eftir árstíðum og áhrifum þeirra á lífsskilyrði fólks. | **Sveitin**<br><br>Landbúnaður, húsdýr, hýbýli og umhverfi.<br>• Kynnist landbúnaðarstörfum.<br>• Þekki landbúnaðarafurðir.<br>• Átti sig á verðmætasköpun í sveitum.<br>• Kynnist algengustu húsdýrunum á Íslandi.<br>• þjálfist í fjölbreyttum vinnubrögðum.<br>• Skoði og ræði um afleiðingar árstíðabreytinga í íslenskri náttúru. | Unnið með söguaðferðinni.<br><br>Einstaklingsvinna paravinna hópavinna stöðvavinna<br><br>Spjaldtölvuverkefni.<br><br>Munnleg og skrifleg verkefni.<br><br>Upplifun nemenda af sveitinni.<br><br>Hugstormun. | **Í sveitinni** með Æsu og Gauta, kennsluleiðbeiningar eftir Helgu Ólafsdóttur og Sigrúnu Bjarnadóttur. **Myndband með sama nafni.**<br><br>**Húsdýrin okkar** eftir Stefán Aðalsteinsson og verkefni tengd bókinni.<br><br>**Komdu og skoðaðu fjöllin** eftir Sigrúnu Helgadóttur.<br><br>**Kuggur í sveitinni** eftir Sigrúnu Eldjárn. | Einstaklingsverkefni<br><br>hópaverkefni<br><br>samvinna<br><br>Sjálfsmat<br><br>verkefnabók nemenda.<br><br>Þátttaka, Vinnusemi og skilningur nemenda metinn. |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | • Geti flokkað lífverur eftir auðsjáanlegum einkennum s.s. fugla, fiska, plöntur, rándýr, spendýr, jórturdýr, klaufdýr og hófdýr.<br><br>• Læri dýra- og sveitavísur.<br><br>• Heimsókn á Árbæjarsafn.<br>• Heimsókn í Húsdýragarðinn | Unnið samhliða tónmenntakennurum skólans að söngvum og ljóðum tengt rammanum.<br><br>Útikennsla<br>Vettvangsferðir<br><br>Veggmynd | **Hani, krummi, hundur, svín…** eftir Sigrúnu Helgadóttur | |